


Rússland og Gorbachev

Þorvaldur Gylfason

Hrun Sovétríkjanna 1989-1992 var heimssögulegur viðburður. Fáir sáu hrunið fyrir, þeir voru þó til, en eftir hrunið þóttust menn sjá að það var óumflýjanlegt af því að hagkerfi landsins var eins og hriplekt draugaskip sem hlaut að sökkva.

Hagtölurnar voru að vísu óáreiðanlegar. Þegar upp var staðið og rykið var enn að setjast virtist kaupmáttur landsframleiðslu á mann í Sovétríkjunum vera bara fjórðungur af kaupmætti landsframleiðslu á mann í Bandaríkjunum. Nýrra mat Alþjóðabankans sýnir minni mun. Kaupmáttur landsframleiðslu á mann í Sovétríkjunum þegar þau hrundu er nú talinn hafa numið um helmingi af kaupmætti landsframleiðslu á mann í Bandaríkjunum mælt í alþjóðlegum Bandaríkjadollurum á verðlagi ársins 2017 (Mynd 1). Bilið hefur breikkað.

Það tók landsframleiðslu á mann 16 ár að jafna sig á hruni Sovétríkjanna í þeim skilningi að það var ekki fyrr en 2006 að hún náði sama umfangi og 1990 eins og myndin sýnir.



Heimild: Alþjóðabankinn, *World Development Indicators*.


Það er góð regla að skoða lýðheilsutölur þegar vafi leikur á áreiðanleika hagtalna. Samanburður á ævilengd í löndunum tveim segir svipaða sögu og þjóðhagsreikningatölurnar um landsframleiðslu.

Þegar Sovétríkin hrundu gátu nýfædd börn þar vænt þess að ná 69 ára aldri borið saman við 75 ár í Bandaríkjunum (Mynd 2). Nýjustu tölur fyrir 2020 sýna óbreyttan mun á ævilengd í löndunum tveim, sex ár, 71 ár í Rússlandi og 77 ár í Bandaríkjunum.

Á þessum 30 árum hefur meðalævin því lengzt um bara tvö ár í báðum löndum eða röskar þrjár vikur á ári að jafnaði. Til samanburðar lengdist meðalævin um fimm ár í ESB-löndum að meðaltali, meira en tvo mánuði á ári.

Það tók ævilengdina meira en 20 ár að jafna sig á hruni Sovétríkjanna í þeim skilningi að það var ekki fyrr en 2011 að hún náði sama árafjölda og 1988.

[Type here]



Heimild: Alþjóðabankinn, *World Development Indicators*.

Hvers vegna hrún?

Hvers vegna hrundu Sovétríkin og leppríki þeirra í Mið- og Austur-Evrópu?

Hægt er að skipta höfuðorsökum hrunsins í fimm flokka eins og ég lýsti í grein minni „Umbætur í austri“ 1995.

1. Miðstjórn og áætlunarbúskapur og meðfylgjandi ríkisrekstur sem allsráðandi regla í efnahagslífi lands bera dauðann í sér enda hefur engu landi nokkurn tímann tekizt að tryggja almenningi góð lífskjör með því móti. Meira að segja Mikhail Gorbachev, síðasti aðalritari Sovétka kommúnistaflokksins, komst að þessari niðurstöðu en þó ekki fyrr en eftir hrunið eins og hann lýsti til dæmis í sjónvarpsviðtali við Larry King á CNN 1993. Þegar við bættist einræði í stjórnámálum, einræði flokks sem var í raun rétttri glæpahreyfing en ekki stjórnámálflokkur, þá er voðinn vís. Eftir hrún Sovétríkjanna var Kommúnistaflokkurinn bannaður, eignir hans voru gerðar upptækar og saksóknari í Moskvu höfðaði mál gegn flokknum sem glæpasamtökum líkt og bandaríska mafían var vængstýfð sem glæpasamtök frekar en að lögreglan héldi áfram að eltast við smáfiska og láta stórlaxana sleppa. Málareksturinn í Moskvu strandaði á tæknilegum annmarka.
2. Fjárfesting í verksmiðjum, vélum og tækjum var meiri en góðu hófi gegndi, helmingi hærra hlutfall af landsframleiðslu en tíðkaðist í OECD-löndum, en hún skilaði litlu öðru en varningi sem var svo lélegur að hann var mestmegnis óseljanlegur í útlöndum nema þar sem menn gerðu sér Lödur að góðu og annað eftir því. Enn kunna Rússar varla að framleiða neitt sem aðrar þjóðir kæra sig um að kaupa af þeim nema Vodka, vopn, korn, olíu og gas. Rússland er olíuland af svipuðu tagi og Sádi-Arabía. Rússum hefur líkt og Sádum láðst að leggja rækt við þá fjölbreytni sem er nauðsynleg blómlegu efnahagslífi.
3. Við bættist þjónustufirring sem hvíldi á þeirri meinloku að iðnaður og landbúnaður, hamarinn og sigðin, væru höfuðatvinnuvegirinnir og aðrir atvinnuvegir væru eiginlega bara til óþurftar. Læknum voru eftir þessari kenningu greidd lægri laun en ófaglærðum verkamönnum. Á Sovéttímanum nam þjónusta tæpum þriðjungu af landsframleiðslu í Rússlandi borið saman við 60% - 70% í OECD-löndum. Rússneska hlutfallið stökk upp í röskan helming fyrstu fimm til sex árin eftir hrunið, frá 1989 til 1995. Enn eimir þó svo eftir af þjónustufirringunni að þjónusta nemur aðeins röskum helmingi af landsframleiðslu

[Type here]

Rússlands enn í dag borið saman við 80% í Bandaríkjunum og tvo þriðju í heiminum í heild.

4. Þung áherzla var lögð á að framleiða sem allra mest til að fylla kvóta sem ákveðnir voru á stjórnarskrifstofum í Kreml. Bara nógu mikið var æðsta boðorðið. Framleiðslan snerist fyrst og síðast um magn en minna var hirt um gæði. Í þessu skyni þótti henta að hafa fyrirtækin sem fæst og stærst því þannig var þægilegra að hafa stjórn á þeim. Allar saumavélar handa næstum 300 milljónum manna voru framleiddar í einu fyrirtæki. Þannig var hagræði stórrækstrar fórnað á altari einokunar.
5. Stjórnsýslan eins og hún lagði sig einkenndist af fáfræði, fúski og spillingu. Þegar Mikhail Gorbachev komst til valda 1985 hafði hann þá sérstöðu í æðstaráðinu að hann hafði áhuga á útlöndum og hafði komið þangað nokkrum sinnum. „Hver styður hann eiginlega í æðstaráðinu?“ var spurt. Svarið var: „Enginn styður hann, hann þarf ekki stuðning, hann þarf ekki einu sinni göngugrind“.

Kjör Gorbachevs til forustu fyrir Kommúnistaflokkinn og Sovétríkin 1985 réðst af bara tveim eða þrem atkvæðum, en það dugði og skipti sköpum. Nikita Krústsjov, aðalritari flokksins 1953-1964, hafði lagt grunninn með því að gera upp við Stalínstímann á flokksþinginu 1956 og innleiða þíðu innan lands og í samskiptum við útlönd. Samt var það ekki þíðan sem Krústsjov taldi vera merkasta framlag sitt til Sovétríkjanna þegar hann leit yfir farinn veg heldur hitt að hann skyldi verða fyrstur aðalritara flokksins til að komast lifandi á eftirlaun.

Gorbachev var að þessu leyti sömu gerðar og Krústsjov. Hann var að vísu kommúnisti, engar efasemdir þar fyrr en allt var um garð gengið, en hann taldi að hann gæti náð fram umbótum innan flokksins og ríkisins án þess að rugga bátnum um of. Hann virtist ekki gera sér fulla grein fyrir að hann hafði verið kjörinn foringi í glæpasamtökum. Hann mælti fyrir um *glasnost* og *perestrojku*, opnun og umskipti, svo sem brýna þörf bar til, en það var ekki nóg.

Opnunin leiddi til þess að sum hinna undirokuðu ríkja í sovétinu töldu sér óhætt að láta á sér kræla og krefjast sjálfstjórnar og jafnvel sjálfstæðis. Litháar riðu á vaðið 1989. Rauði herinn réðst þá inn í Litháen. Fjórtán heimamenn féllu í átökunum, en ekki hefur enn tekizt að sanna hver fyrirskipaði árás Rauða hersins og morðin fjórtán í Vilnús 1991.

Það gerðist svo 2016 að saksóknari í Litháen ákærði 67 Rússa, þar á meðal fv. varnarmálaráðherra, fyrir brot gegn mannkyni og stríðsglæpi í „réttarhaldi aldarinnar“ sem Litháar kalla svo, og voru flestir þeirra fundnir sekir. Ráðherrann var dæmdur til tíu ára fangelsisvistar, en Rússar neituðu að framselja hann. Gorbachev var einnig kærður, en hann sór af sér allar sakir og er nú allur.

Vytautas Landsbergis, fyrsti forseti Litháens eftir sjálfstæðistökuna 1991, lýsir réttarhaldinu sem einu allra fyrsta réttarhaldinu þar sem kommúnisminn sjálfur, hugmyndafræði hans og framkvæmd, er dreginn fyrir dóm líkt og mafían var dregin fyrir dóm í Bandaríkjunum. Þetta réttarhald getur orðið fyrirmynd handa Rússum sjálfum, segir Landsbergis, sem er afi Gabríelusar Landsbergis nv. utanríkisráðherra Litháens.

Ég spurði Jón Baldvin Hannibalsson fv. utanríkisráðherra um Landsbergis yngri og muninn á honum og afa hans. Mér heyrst vera minni músík í stráknum, svaraði Jón að bragði. Landsbergis eldri var prófessor í tónfræði.

Gorbachev var dáður um allan heim fyrir að hafa opnað undirokuðum þjóðum í Mið- og Austur-Evrópu leið til frelsis, en hann var smáður heima fyrir eftir hrunið, svo mjög að hann fékk aðeins 0,5% atkvæða þegar hann bauð sig fram til forseta 1996. Pútín forseti gaf sér ekki


[Type here]

tíma til að vera við útför Gorbachevs. Pútín gaf sér þó tíma til að vera fyrir nokkru við útför þingmannsins Vladimirs Zhirinovskí, hans sem lagði til að Ísland yrði notað sem rússnesk fanganýlenda og annað í svipuðum dúr.

Hvers vegna stöðnun?

Margir bundu vonir við að Rússland yrði að heilbrigðu markaðsbúskapar- og lýðsræðisríki eftir að kommúnisminn hrundi og gengi jafnvel inn í ESB, en vonin brást. Þegar Sovétríkin liðuðust í sundur urðu þau að 15 sjálfstæðum ríkjum.

Aðeins þrjú þessara ríkja, Eistland, Lettland og Litháen, náðu góðum árangri, gengu inn í ESB og Nató og bjóða borgurum sínum nú betri lífskjör en Rússland auk lýðræðis og virðingar fyrir mannréttindum. Mynd 3 sýnir kaupmátt landsframleiðslu á mann í löndunum fjórum mælt í alþjóðlegum Bandaríkjadöllum á föstu verðlagi ársins 2017 eins og á mynd 1.



Heimild: Alþjóðabankinn, *World Development Indicators*.

Framsókn Eystrasaltsríkjanna hefur þó ekki verið neinn dans á rósum. Íbúum þeirra hefur fækkað samtals um tvær milljónir manns, úr átta milljónum 1990 í sex milljónir nú. Það er þungur missir fyrir fólkið sem hefur haldið kyrru fyrir heima, en bjarta hliðin á málinu er að fólksflutningar frá Eystrasaltsríkjunum vestur á bóginn síðan 1990 eru mikilvæg birtingarmynd aukins lýðfrelsis. Nú er fólkinu loksins frjálst að fara og freista gæfunnar annars staðar. Á sama tíma hefur Rússum fækkað um fimm milljónir, úr 148 milljónum í 143.

Hvað brást í Rússlandi? Til þess liggja bæði staðbundnar og utanverðar ástæður.


Samanburður Rússlands og Póllands sem kastaði einnig af sér oki einræðis og miðstjórnar um 1990 bregður birtu á málið.

Mynd 4 sýnir að kaupmáttur landsframleiðslu á mann í Rússlandi var næstum tvöfaldur á við Pólland 1990 en er nú fimmtungi minni en í Póllandi. Pólverjum tókst að tryggja sér jafnan og öran vöxt í efnahagslífinu frá 1992 til þessa dags meðan rússneskt efnahagslíf tók djúpa og langvinna dýfu og óx síðan hægt með rykkjum og skrykkjum. Meðalvöxtur landsframleiðslu á mann í Póllandi 2008-2021 var 3,3% á ári borið saman við 0,9% í Rússlandi.

Hagvaxtarmunurinn á Póllandi og Rússlandi stafar meðal annars af því að Pólverjar höfðu allan áttunda áratuginn til að búa sig undir betri tíð. Milljónir Pólverja ferðuðust til annarra

[Type here]

landa 1980-1990 og margir þeirra lærðu ensku, þýzku og önnur tungumál. Þetta var að gerast í Póllandi meðan Gorbachev var að kljást við göngugrindurnar í æðstaráðinu í Kreml. Pólverjar höfðu á að skipa hæfum og vel upplýstum hagfræðingum sem gátu vísað þeim veginn fram á við.



Heimild: Alþjóðabankinn, *World Development Indicators*.

Eftir að Samstöðu, hryggjarstykkinu í pólsku verk lýðshreyfingunni, tókst að brjóta veldi kommúnista á bak aftur í almennum kosningum ákvað ný ríkisstjórn Póllands að umbætur í einum rykk væru vænlegri til árangurs en umbætur í áföngum. Ríkisstjórninni tókst ætlunarverk sitt með umtalsverðri hjálp frá Bandaríkjunum og ESB. Bandaríski hagfræðingurinn Jeffrey Sachs, þá prófessor í Harvard-háskóla, var Pólverjum innan handar og lýsti umskiptunum innan frá í bók sinni *Poland's Jump to the Market Economy* 1993.

Sachs var ríkisstjórn Borisar Jeltsín, fyrsta þjóðkjörna forseta Rússlands, einnig innan handar sem ráðgjafi. Sachs var þá hálfertugur að aldri og hafði með sér frá Harvard vaska sveit ungra hagfræðinga sem lögðu á ráðin um efnahagsstefnuna líkt og í Póllandi. Ráð þeirra féllu í grýttari jarðveg í Rússlandi en í Póllandi sumpart vegna þess að í Rússlandi var eftir meiru að slægjast fyrir spillta fv. kommúnista sem reyndu – og tókst! – að sölsa undir sig ríkisfyrirtæki, einkum olíufyrirtæki, og auðguðust ótæpilega. Pólverjar áttu engin slík fyrirtæki að heitið getur og komust því hjá hörðum innanlandsátökum um yfirráð yfir olíulindum og öðrum náttúruauðlindum.

Sachs skoraði á Bandaríkjastjórn að styðja lýðræðisumbótasinna í Rússlandi til góðra verka með ráðum og dáð, en ákall hans fékk dræmar undirtektir. Jafnvel Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sem hefði að réttu lagi átt að vera fyrstur allra á vettvang lét langan tíma líða áður en hann rétti Rússum fram sína hjálparhönd. Sachs lítur svo á að Bandaríkjastjórn hafi undir niðri viljað halda Rússlandi veiku og hafi þess vegna haldið að sér höndum.

Sagan virðist sýna að Sachs hafi á réttu að standa um þetta atriði. Sé svo urðu Bandaríkjastjórn og bandamönnum hennar í Evrópu á afdrifarík mistök. Í skammsýni sinni köstuðu þau frá sér dýrmætu tækifæri til að hefja Rússland upp úr öskunni með myndarlegri fjárhagsaðstoð, nýrri Marshall-aðstoð líkri þeirri sem hjálpaði til við að endurreisa Evrópu eftir heimsstyrjöldina síðari. Slík aðstoð hefði getað skipt sköpum hefði verið vel á málum haldið, en svo fór ekki. Ríkisstjórn Jeltsíns missti tókin á efnahagsmálunum.

[Type here]


Að stjórna til að stela

Áður en Jeltsín steig niður af forsetastóli 1999 eftir næstum áratug við völd ákvað hann að gera Vladimir Pútín að eftirmanni sínum, ákvörðun sem Jeltsín sagðist síðar dauðsjá eftir. Pútín virtist fara vel af stað, eða svo sýndist mörgum, en síðan herti hann tókin, gerði sjálfan sig að forseta til æviloka að heita má og innsiglaði þjófræði í Rússlandi eftir æðsta boðorði kleptókrata sem er að stjórna til að stela. Pútín brigzlar Bandaríkjamönnum um að hafa ógnað Rússlandi með því að hleypa grannlöndum Rússlands inn í Nató. Bandaríkjastjórn hafnar þessari ásökun með þeim rökum að hún hafi hvorki viljað né getað staðið gegn eindreginni eftirsókn þessara þjóða eftir aðild að Nató líkt og ESB. Vilji kjósenda var ljós.

Innrásir Rússa í Úkraínu 2014 og 2022 eru angi á þessum meiði. Gorbachev harmaði innrásirnar, en enginn hlustaði á hann. Hann dó fyrir skömmu í rúmi sínu á sjúkrahúsinu þar sem annar andstæðingur innrásanna datt út um glugga og dó tveim dögum síðar.

Sænski hagfræðingurinn Anders Åslund lýsir þróun Rússlands til ófrelsis og þjófræðis í bók sinni *Russia's Crony Capitalism: The Path from Market Economy to Kleptocracy* (2019).

Mynd 5 sýnir hnignun lýðræðis og mannréttinda í Rússlandi frá 2003 borið saman við Bandaríkin, Frakkland og Þýskaland, sem eru sýnd á myndinni þar eð meðalvísitala lýðræðis fyrir ESB-löndin í heild er ekki tiltæk í gagnasafni Freedom House. Kvarðinn nær frá 0 upp í 100, fullt hús stiga. Myndin vitnar um stórfellda hnignun lýðræðis og mannréttinda í Rússlandi í valdatíð Pútíns og einnig um hnignun lýðræðis í Bandaríkjunum hægt og bítandi frá 2010.



Heimild: Freedom House.

Tilvísanir

Anders Åslund (2019). *Russia's Crony Capitalism: The Path from Market Economy to Kleptocracy*, Yale University Press, New Haven og London.

Jeffrey Sachs (1993). *Poland's Jump to the Market Economy*, MIT Press, Cambridge, Massachusetts.

Þorvaldur Gylfason (1995). „Umbætur í austri“, *Fjármálatíðindi*, 42. árgangur, 1. hefti, 1995. Endurprent í *Síðustu forvöð*, 17. kafli, bls. 132-165, Háskólaútgáfan, Reykjavík, 1995.